

Greinargerð með fjárhagsáætlun 2026-2029



Mýrdalshreppur

Fjárhagsáætlun 2026-2029. Greinargerð.
Sveitarstjórn Mýrdalshrepps
Síðari umræða, 18. desember 2025



Efnisyfirlit

Inngangur	1
Forsendur áætlunar 2026-2029	4
Málaflokkar, stofnanir og fyrirtæki.	6
Félagsmál	7
Fræðslu og uppeldismál	8
Menningarmál	8
Æskulýðs og íþróttamál	8
Brunamál og almannavarnir	8
Hreinlætismál	9
Skipulags- og byggingarmál	9
Umferðar og samgöngumál	9
Umhverfismál	9
Atvinnumál	9
Sameiginlegur kostnaður	9
Þjónustumiðstöð	10
Eignasjóður	10
Framkvæmdaáætlun 2025	11



Inngangur

Íbúum Mýrdalshrepps hefur fjölgað um 5% á árinu 2025. Útsvarstekjur sveitarfélagsins hafa því vaxið samhliða íbúafjölgun og launahækkunum og fjárhagur sveitarfélagsins stendur styrkum fótum. Uppbygging íbúðarhúsnæðis er yfirstandandi og frekari uppbygging fyrirhuguð á nýju skipulagssvæði í austurhluta bæjarins samhliða áframhaldandi uppbyggingu í Túnahverfi. Bygging nýrrar líkamsræktar var boðin út á árinu og standa vonir til að framkvæmdum ljúki á árinu 2026.

Þrátt fyrir sterka fjárhagslega stöðu sveitarfélagsins er rétt að horfa til þess að horfur í ferðaþjónustu eru óljósar og samdráttur virðist vera á vetrartímabili. Fall flugfélagsins Play fyrr á árinu 2025, auknar álögur af hálfu ríkisins á atvinnugreinina og pólitískur óstöðugleiki og stríðsátök geta haft mikil áhrif á atvinnugreinina. Sveitarsjóður reiðir sig að miklu leyti á greitt útsvar sem fellur að lang mestu leyti til vegna starfa í ferðaþjónustu. Sem varúðarráðstöfun er áætlað útsvar ársins 2026 því lækkað á milli umræðna um 11,5 m.kr. og verða samtals 918,5 m.kr. í samræmi við áætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga. Einnig er gerð sú breyting milli umræðna að gert verður ráð fyrir að auglýst verði eftir áhugasömum aðilum til að byggja og leigja húsnæði fyrir slökkvistöð, í stað þess að sveitarfélagið leggi út fyrir fjárfestingunni.

Jafnframt verða boðnar út malbikunarframkvæmdir á nokkrum götum í Vík auk fleiri verkefna sem eru í framkvæmdaáætlun:

- | 2026 | 2027 |
|--------------------------------------|------------------------------------|
| • Ný líkamsrækt | • Viðbygging við Víkurskóla |
| • Ný slökkvistöð | • Gatna-, gangstétta- og stígagerð |
| • Gatna-, gangstétta- og stígagerð | |
| • Hönnun viðbyggingar við Víkurskóla | 2028 |
| • Stofnframlög vegna byggingar | • Gatna-, gangstétta- og stígagerð |
| leiguíbúð | 2029 |
| | • Gatna-, gangstétta- og stígagerð |

Fjárhagsleg staða Mýrdalshrepps er góð og sveitarfélagið í góðri stöðu til að ráðast í innviðafjárfestingar. Mikilvægt er þó að horft verði til þess við áætlanagerð til lengri tíma að þjónustubýngd íbúa í sveitarfélaginu kann að aukast mjög miðað við það sem nú er eftir því sem börnum fjölgar í skóla og þjónustustig hækkar. Launakostnaður og annar rekstrarkostnaður við að halda úti þjónustu getur þannig hækkað mjög og dregið úr svigrúmi til fjárfestingar.



Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2026:

- Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta er jákvæð um 135,3 m.kr.
- Skuldahlutfall verður 63,8 % í lok árs 2025
- Veltufé frá rekstri verður 211,1 milljónir
- Áætlaðar fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum nema 599,6 m.kr.
- Útsvarsprósenta er óbreytt frá því sem verið hefur, 14,97%
- Álagning fasteignagjalda fyrir A-flokk (íbúðarhúsnæði) lækkar í 0,29%. B- og C-flokkar óbreyttir.
- Almennt var miðað við 3,5% hækkun á öðrum gjaldskrárm í A-hluta

Heildartekjur ársins 2026 eru áætlaðar 1.729,8 m.kr. og heildargjöld 1.456,2 m.kr. Fjármagnskostnaður er áætlaður 42,4 m.kr. og handbært fé í árslok 82,5 m.kr.

Starfsemi sveitarfélagsins hefur verið með svipuðu móti árið 2025 og frá fyrra ári. Talsverðar hreyfingar hafa verið í starfsmannahópi sveitarfélagsins á yfirstandandi ári. Umfang starfseminnar hjá ráðhúsi sveitarfélagsins er orðið slíkt að óumflýjanlegt er að horfa til þess að hægt verði að bæta við starfsfólki. Samþykkt var árið 2023 að taka á leigu aðstöðu fyrir ráðhús í nýju húsi sem mun rísa á Smiðjuvegi 7. Framkvæmdir eru yfirstandandi og fyrirhugaður flutningur í það húsnæði er á fyrri hluta árs 2026. Stefnt er að því að auglýsa núverandi húsnæði á Austurvegi 17 til sölu þegar ljóst er hvenær afhending getur átt sér stað. Starfsaðstaðan mun þannig batna og gefa svigrúm til þess að ráða inn nýtt starfsfólk og bæta þannig þjónustu sveitarfélagsins.

Rekstur skóla í sveitarfélaginu hefur gengið vel á árinu 2025. Börnum við leikskólann Mánaland hefur fjölgað nokkuð flutti í nýtt húsnæði á árinu 2024 en samhliða því má gera ráð fyrir auknum launakostnaði eftir því sem börnum fjölgar. Einnig ber að líta til þess að ef vel á að vera þá mun kostnaður við sérkennslu og aðra þjónustu s.s. talþjálfun aukast nokkuð á næsta ári og næstu árum og á það jafnt við um leik- og grunnskóla. Eftir því sem nemendum hefur fjölgað við tónskóla Mýrdalshrepps þá hefur launakostnaður og annar rekstrarkostnaður þeirrar deildar einnig aukist. Mikil aðsókn kallar á að kennurum við skólann verði fjölgað svo hægt sé að halda áfram að þróa og bæta námið.

Teknar voru í notkun 6 íbúðir hjá leigufélaginu Brák á Sléttuvegi 3a á árinu 2024. Það markar þau tímamót að í fyrsta skipti er óhagnaðardrifið leigufélag komið á markaðinn í Vík. Fjárhagsáætlun 2025 gerir ráð fyrir stofnframlögum frá sveitarfélaginu í áframhaldandi uppbyggingu á Sléttuvegi og er yfirstandandi bygging 19 íbúða fjölbýlishúss sem mun ljúka árið 2026 og Brák íbúðafélag festir þar kaup á 9 íbúðum.



Fjárhagsáætlun 2026-2029 gerir ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu innviða og eflingu stofnana þannig að hægt verði að tryggja góða þjónustu sveitarfélagsins við íbúa.

15. desember 2024

Einar Freyr Elínarson, sveitarstjóri Mýrdalshrepps





Forsendur áætlunar 2026-2029

Lagavísanir og skilgreiningar

Fjárhagsáætlun Mýrdalshrepps fyrir árið 2026 og þriggja ára áætlun fyrir árin 2027–2029 er sett fram í samræmi við 62. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 fyrir A-hluta og samantekinn reikning fyrir A- og B-hluta. A-hluti samanstendur af aðalsjóði og eignasjóði. Í aðalsjóði er rekstur málaflokka og þjónusta við íbúa bæjarins sem er fjármögnuð með skatttekjum og þjónustugjöldum. Í eignasjóði er haldið utan um rekstur, viðhald og stofnframkvæmdir fasteigna og gatna. Í áætlun A-hluta eru milli-viðskipti vegna innri leigu, fasteignaskatta og afnota af íþróttamannvirkjum jöfnuð út á milli stofnana. Til B-hluta teljast fjárhagslega sjálfstæðar rekstrareiningar sem eru í eigu bæjarins og eru fjármagnaðar með þjónustutekjum.

Skatttekjur

Skattlagningu sveitarfélaga er settur rammi í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum. Skatttekjur skiptast í útsvar og fasteignaskatt. Aðrar tekjur með skattaígildi eru lóðaleiga.

Útsvar

Útsvarshlutfall er óbreytt og verður á árinu 2025, 14,97%. Áætlað er að útsvarstekjur vegna 2026 nemi um 918,5 m.kr. Áætlun útsvarstekna er byggð á útreikningum Sambands Íslenskra sveitarfélaga.

Framlög úr Jöfnunarsjóði

Mýrdalshreppur fær framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna grunnskóla, skólaaksturs, tónlistarkennslu, nýbúafræðslu og þjónustu við fatlað fólk. Áætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga liggur að stærstum hluta til fyrir. Gert er ráð fyrir að fjárhæð framlaga nemi alls tæpum 198,9 m.kr.



Fasteignagjöld

Stofn til útreiknings fasteignagjalda íbúðarhúsnæðis á árinu 2026 miðast við fasteignamat eigna sem gefið var út í júní 2025. Endurmat ársins, matsbreytingar og nýjar eignir leiða til þess að matsstofn Mýrdalshrepps verður samkvæmt eftirfarandi töflu.

Flokkur	Skýring	Álagningarhlutfall	Heildarfjárhæð
A	Almennt	0.29%	58.413.428
B	Opinbert húsnæði	1.32%	6.976.596
C	Atvinnuhúsnæði	1.65%	111.221.773
Samtals			176.611.797

Tekjur af fasteignaskatt, sundurliðaðar eftir flokkum.

Afsláttur af fasteignagjöldum

Reglur um niðurfellingu fasteignagjalda til elli- og örorkulífeyrisþega eru vegna íbúðarhúsnæðis þeirra til eigin nota og fyrir þá sem eiga lögheimili í Mýrdalshreppi. Niðurfellingin er tekjutengd og tekur einungis til fasteignaskatts. Afsláttur í fjárhagsáætlun 2026 er áætlaður 8,1 m.kr. Sú fjárhæð miðast við árstekjur (heildartekjur) 2024, sbr. álagningu skattstjóra og gilda fyrir lækkun fasteignaskatts 2026. Fjárhæðirnar skulu framreiknaðar árlega með tilliti til breytinga á launavísitölu frá upphafi til loka þess tekjuárs sem miðað er við hverju sinni.

Aðrar tekjur

Fjárhagsáætlun 2026 tekur mið af þegar samþykktum gjaldskrá sem miðuðu að almennri 3,5 % hækkun á árinu fyrir eftirtalda liði:

- Leikskóli.
- Tónskóli.
- Dægradvöl í grunnskóla.
- Kostnaður við hressingu í leik- og grunnskóla. Hádegisverður er gjaldfrjál.

Gjaldskrá hunda- og kattahalds tekur vísitölubreytingum skv. fyrri samþykkt.



Laun og launatengd gjöld

Launakostnaður er áætlaður út frá núverandi stöðugildum og starfsmönnum og miðar að hækkun um 5%. Í því ljósi eru settar fram hóflegar hækkanir en svigrúm til staðar í áætlun til að bregðast við.

Meðalfjöldi stöðugilda og starfsmanna eftir árum.


Fjöldi starfsmanna og stöðugilda								
	2022		2023		2024		2025	
	Stöðugildi	Starfsmenn	Stöðugildi	Starfsmenn	Stöðugildi	Starfsmenn	Stöðugildi	Starfsmenn
Leikskóli	9,3	10,3	9,3	10,8	8,5	9,8	10,9	12,0
Grunnskóli	13,9	18,5	16	21,8	15,8	20,5	16,0	20,6
Tónskóli	1,6	3,9	1,5	3,3	2,2	4,4	2,3	4,4
Leikskólar	0,3	1,1	0,3	1	0,3	1	0,3	1,0
Íþróttamiðstöð	0,3	0,8	0,2	1	0,1	1,1	0,9	1,0
Slökkvilið	4,8	7,1	5	8,9	4,5	7,3	3,3	5,5
Byggingarfulltrúi	0,5	2	0,8	1,8	1,2	4,3	1,9	2,0
Ráðhús	6,2	6,6	5,1	5,3	5,4	5,7	5,5	5,7
Áhaldahús	3,6	3,8	3,6	3,7	2,3	2,3	2,3	2,2
SAMTALS	40,5	54,1	41,8	57,6	40,3	56,4	43,5	54,4

Málaflokkar, stofnanir og fyrirtæki.

Áætlað er að heildartekjur fyrir A- og B-hluta á árinu 2025 verði 1.730 m.kr. og að áætluð rekstrargjöld fyrir fjármagnsliði verði 1.456 m.kr. Jákvæð rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir er áætluð um 273,6 m.kr. Fjármagnsliðir eru áætlaðir neikvæðir sem nemur rúmlega 41,7 m.kr. og afskriftir 96 m.kr., þannig að áætluð rekstrarniðurstaða ársins 2026 er jákvæð um 135,3 m.kr.

Heildareignir samstæðunnar eru áætlaðar um 3.454,6 m.kr. í árslok 2026. Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar um 1.103 m.kr.

Veltufé frá rekstri er sá mælikvarði sem oft er litið til þegar meta skal getu sveitarfélaga til að standa við skuldbindingar sínar utan rekstrar. Mælikvarðinn gefur meðal annars vísbendingu um hversu mikið er til ráðstöfunar frá rekstri til fjárfestinga og til að greiða skuldir. Á árinu 2026 er gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði um 211,1 m.kr., sem er um 12,2 % af heildartekjum.



Félagsmál

Mýrdalshreppur, Ásahreppur, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra og Skaftárhreppur reka byggðasamlag um málefni fatlaðs fólks, Bergrisinn b.s.

Aðildarsveitarfélögin fela byggðasamlaginu skipulag og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk sem á lögheimili í aðildarsveitarfélögunum í samræmi við lög nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum. Enn vantar töluvert uppá að það fjármagn sem sett er til þessa verkefnis á Suðurlandi í gegnum jöfnunarsjóðinn, dugi til að standa undir þjónustunni. Gert er ráð fyrir að greiða til Bergrisans 18 m.kr. árið 2026.

Mýrdalshreppur, Ásahreppur, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra og Skaftárhreppur standa saman að byggðasamlagi um félags- og skólþjónustu. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2026 er gert ráð fyrir 54,9 m.kr. framlagi Mýrdalshrepps til byggðasamlagsins.

Rekstur hjúkrunarheimila er á ábyrgð ríkisins en greiðslu til rekstursins undanfarin ár hafa ekki verið í neinum tengslum við kostnaðinn, jafnvel stóru heimilin hafa ekki getað látið enda ná saman. Nokkur breyting varð þó á rekstrinum með nýjum samningum sem bæta stöðu minni hjúkrunarheimila. Rekstur Hjallatúns hefur hins vegar verið gríðarlega þungur árið 2025 og hefur sveitarfélagið þurft að leggja heimilinu til umtalsverðan rekstrarstyrk. Áætlun 2026 gerir ráð fyrir 5 m.kr. styrk til heimilisins en vonir sveitarstjórnar standa engu að síður til þess að ríkið axli ábyrð á málaflokknum.



Fræðslu og uppeldismál

Gert er ráð fyrir að tæplega helmingur allra útgjalda fari til fræðslu og uppeldismála, samtals um 514 m. kr. Þar af eru 418,7 m.kr. í laun og launatengd gjöld og 153,4 m.kr. í annan rekstrarkostnað. Tekjur eru alls áætlaðar 21,3 m.kr. Gert er ráð fyrir viðbótarstöðugildi í kennslu við Víkurskóla sem ekki tókst að ráða í árið 2025. Einnig er gert ráð fyrir viðbótarstöðugildi leikskólakennara við Mánaland í takt við aukinn fjölda barna. Þá er gert ráð fyrir viðbótarstöðugildi kennara við Tónskóla Mýrdalshrepps til ráðningar rytmíks söngkennara.

Menningarmál

Til menningarmála er gert ráð fyrir að verja 38,3 m. kr. Þar af eru 3 m.kr. laun og launatengd gjöld og 35,2 m.kr. annar rekstrarkostnaður. Stærstu einingar þessa málaflokks eru félagsheimilið Leikskálar, Kötlusetur og Regnboginn. Rekstri bókasafns var tímabundið hætt á árinu 2023 vegna breytinga sem urðu á húsnæðinu að Ránarbraut 1 þar sem það hafði var verið til húsa.

Æskulýðs og íþróttamál

Til æskulýðs og íþróttamála heyra leikjanámskeið, félagsmiðstöð og íþróttamiðstöð. Gert er ráð fyrir að verja til þessa málaflokks 158,8 m.kr. Þar af eru 53,6 m.kr. laun og launatengd gjöld og 105,1 m.kr. annar rekstrarkostnaður. Mest fjármagn fer til rekstrar íþróttamiðstöðvarinnar. Sveitarfélagið hóf byggingu nýrrar líkamsræktar árið 2025 og stefnt er að því að framkvæmdum ljúki seinni part 2026. Gert er ráð fyrir fjármagni í tækjabúnað í líkamsrækt en einnig er eðlilegt að skoða mögulegar leiðir í rekstri hennar, t.d. með samningum við einkaaðila.

Brunamál og almannavarnir

Til málaflokksins er áætlað að fari um samtals 75,8 m. kr. Þar af eru 50,7 m.kr. laun og launatengd gjöld og 25,1 m.kr. annar rekstrarkostnaður og fer stærstur hluti til rekstur slökkviliðsins. Í dag eru tvö föst stöðugildi þ.e. slökkviliðsstjóri og vara slökkviliðsstjóri, ásamt þeim ganga að auki 3 varðstjórar bakvaktir. Heilt yfir er liðið vel búið tækjum en ljóst er að slökkvistöðin er barn síns tíma og aðstaða þar ekki í samræmi við reglugerðir og því er stefnt að hönnun nýrrar slökkvistöðvar verði lokið á árinu 2026. Í samræmi við niðurstöðu starfshóps um staðsetningu nýrrar slökkvistöðvar er gert ráð fyrir að auglýst verði eftir aðila til þess að byggja og leigja húsnæði fyrir slökkviliðið í samræmi við hönnun sveitarfélagsins á árinu 2026.

Miðað við stærð sveitarfélagsins er óvenju mikið af stórum byggingum og ljóst að það þarf öflugt slökkvilið til að ráða við bruna ef til þess kemur. Það er mikilvægt að geta slökkviliðsins sé höfð í huga við úthlutun byggingarleyfa stórra húsa.



Hreinlætismál

Til málaflokksins er áætlað að fari um samtals 78,5 m.kr. í málaflokkinn árið 2026. Tekjur verða 44,5 m.kr. en hafa þarf í huga að erfitt er að áætla hverjar tekjur af gámasvæði verða í nýju fyrirkomulagi þar sem innheimt verður fyrir úrgang sem verður skilað þangað samkvæmt gjaldskrá.

Skipulags- og byggingarmál

Í fjárhagsáætlun 2026 er gert ráð fyrir að leggja 74,9 m. kr. til málaflokksins. Þar af eru laun og launatengd gjöld 35,3 m.kr. og annar rekstrarkostnaður 39,5 m.kr. Talsverð deiliskipulagsgerð er áætluð á árinu 2026. Áætlunin gerir ráð fyrir að hægt verði að ráða viðbótarstarfsmanna á skipulags- og umhverfissvið á árinu en áfram verði embætti byggingarfulltrúa útvistað eins og verið hefur.

Umferðar og samgöngumál

Framlag í áætlun 2026 til umferðar- og samgöngumála er 25,2 m. kr. Undir þennan málaflokk fellur viðhald gatna og gangstíga, götulýsing, snjómokstur og merkingar gatna og stíga. Áfram skal vinna að því að gera gangbrautir sýnilegri og gera við kanta við gangbrautar þar sem þörf er á.

Umhverfismál

Í þennan málaflokk er gert ráð fyrir að setja 41,4 m.kr. Að stærstum hluta undir þessum málaflokki er kostnaður við slátt og hriðingu opinna svæða en árið 2026 er gert ráð fyrir framkvæmdum við útisvæði á Guðlaugsbletti. Mikil áhersla er lögð á að halda opnum svæðum snyrtilegum og vel hirtum. Árið 2025 var ráðinn sumarstarfsmaður í slátt sem gaf góða raun. Aftur er stefnt að því árið 2026 og gert ráð fyrir þremur stöðugildum við áhaldahúsið. Undanfarin ár hefur verið unnið að því að endurbæta opin svæði og lýsa þau upp en til þess að þessar framkvæmdir nýtist almenningi þarf að halda þeim aðgengilegum og snyrtilegum.

Atvinnumál

Undir þennan málaflokk falla m.a. fjallskil, refa- og minkaeyðing og Katla Jarðvangur. Gert er ráð fyrir að verja 11,2 m.kr. í málaflokkinn og þar munar mestu um áætlaðan 6,4 m.kr. styrk til Kötlu jarðvangs.

Sameiginlegur kostnaður

Ráðhús Mýrdalshrepps er stoðdeild sem leysir af hendi verkefni á fjármálasviði, þjónustu – og þróunarsviði og sinnir ráðgjöf um málefni persónuverndar, mannauðsmála og skjalamála. Gert er ráð fyrir að verja 159,3 m.kr. til málaflokksins á árinu 2026 og þar af eru 104,7 m.kr. laun og launatengd gjöld og 54,5 m.kr. annar rekstrarkostnaður.

Meðal annarra liða sem falla undir þennan málaflokk eru: Sveitarstjórn, ungmennaráð, endurskoðun, samstarf sveitarfélaga og kosningar.



Þjónustumiðstöð

Til málaflokksins er áætlað að fari um samtals 50,3 m.kr. til málaflokksins á árinu 2025 og þar af eru 32,6 m.kr. laun og launatengd gjöld og 15,9 m.kr. annar rekstrarkostnaður.

Þjónustumiðstöð/Áhaldahús sér um almenn viðhaldsverkefni og þjónustu opinna svæða sveitarfélagsins, þ.m.t. snjómokstur og slátt opinna svæða.

Eignasjóður

Eignasjóður er A-hluta stofnun sem leigir út varanlega rekstrarfjármuni til stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins samkvæmt óskum þeirra og þörfum. Hann innheimtir leigu (svonefnda innri leigu) í samræmi við raunverulegan kostnað sem viðkomandi fjárfesting ber með sér yfir lengri tíma. Til slíks kostnaðar teljast fjármagnskostnaður vegna viðkomandi rekstrarfjármuna, afskriftir, skattar og tryggingar og viðhaldskostnaður, auk eðlilegrar þóknunar eignasjóðs fyrir umsýslu.

Á undanförunum árum hefur jafnt og þétt verið unnið að endurbótum á fasteignum sveitarfélagsins og framhald verður á þeirri vinnu, m.a. með viðhaldi á íþróttamannvirkjum og öðru húsnæði í eigu sveitarfélagsins.





Framkvæmdaáætlun 2025

Alls er gert ráð fyrir fjárfestingum að upphæð 599,6 m.kr. á árinu 2026 í neðangreind verkefni.

Stærri viðhaldsverkefni

Verkefni	Verkpáttur
Íþróttahús	Þak, gafl og rennur
Leikskólar	Endurnýjun baðherbergja og glugga

Gatnagerð

Verkefni	Verkpáttur
Smiðjuvegur 7-15	Malbikun og frágangur
Mánabraut 26-32	Malbikun og frágangur
Mylluland	Malbikun og frágangur
Ránarbraut 1 - 17	Endurnýjun malbiks
Víkurbraut 9 - 17	Endurnýjun malbiks
Víkurbraut 19 að Sunnubraut	Endurnýjun malbiks
Reiðvegur	Burðarlag að nýju byggingarsvæði

Vatns- og fráveita

Verkefni	Verkpáttur
Mylluland	Skólp- og regnvatnskerfi
Mánabraut	Skólp- og regnvatnskerfi
Hestamannasvæði	Skólp- og regnvatnskerfi
Sléttuvegur 7 - 13	Fráveitutengingar
Austurbyggð	Þarfagreining

Götulýsing

Verkefni	Verkpáttur
Smiðjuvegur 7-15	Led ljósastaurar
Bakkabraut (Bakkaskarð og Reynisfjall)	
Syngjandi	
Austurvegur - Klettsvegur	
Sléttuvegur - Klettsvegur	

Gangstéttar og göngustígar



<i>Verkefni</i>	<i>Verkþáttur</i>
Mýrarbraut	Steypt gangstétt
Skólabraut	
Austurvegur 15-17	
Víkurbraut 5 - 9	
Klettsvegur – Austurvegur	Ecoraster plastmottur og lýsing
Syngjandi	
Víkurkirkja	

Nýframkvæmdir og fjárfestingar

<i>Verkefni</i>	<i>Lýsing</i>
Líkamsrækt	Nýbygging
Reynisfjall	Útsýnispallur í hlíðum Reynisfjalls
Leiguíbúðir	Stofnframlög til byggingar nýrra leiguíbúða
Slökkvilið	Hönnun nýrrar slökkvistöðvar